

FS: Klifurveggur á Ísafirði

Til : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : FS: Klifurveggur á Ísafirði
Málsnúmer : 2015090069
Málsaðili : Örvar Dóri Rögnvaldsson
Skráð dags : 28.09.2015 14:00:24
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Þann 21. september 2015 kl. 10:26 skrifaði Örvar Dóri Rögnvaldsson <orvarguide@gmail.com>:

Hæstvirta bæjarstjórn.

Ég undirritaður Örvar Dóri ber hér með upp erindi fyrir hönd 30 einstaklinga sem stofnað hafa óformlegan áhugahóp um að koma á legg aðstöðu fyrir inniklifuræfingar á Ísafirði.

Klifuríþróttin reynir á líkamlegt atgervi (liðleika, styrk og þyngd) jafnt sem andlegan styrk. Markmið íþróttarinnar er að byggja upp færni og getu til klettklifurs og grjótblámu úti. Iðkendur treysta á hvorn annan við tryggingar og fallvarnir úti, en inni er venjulega komið fyrir dýnum til að verjast meiðslum af falli. Iðkendur keppa við sjálfan sig við að sigrast á klifurleiðum af mismunandi erfiðleikagráðum án þess að falla. Klifurleiðirnar inni eru lagðar þannig að þær reyni á tækni og styrk, en úti í náttúrunni er það náttúrulegt form klettsins sem „leggur línurnar“. Klifur krefst ögunar við tryggingar þar sem viðbúið er að keppandi falli reglulega úr leið sem verið er að glíma við. Mikilvægt er að geta æft færni áður en tekist er á við leiðir úti við.

Einstaklingar nálgast klifur á líkamlegu hátt, út frá mismunandi markmiðum og sjónarmiðum. Fyrir marga er klifur góð líkamsrækt, leið til að skoða heiminn eða einfaldlega leið til að takast á við hæfilegar áskoranir sem reyna jafnt á líkamlegan sem andlegan styrk. Klifur býður upp á góð félagsleg samskipti og víða eru klifursalir öflugar félagsmiðstöðvar þar sem hver einstaklingur ræður tíma og formi æfinga eftir sínum þörfum og áhuga hverju sinni. Samvinna og samstaða er ríkur þáttur í klifuríþróttinni og við tryggingar úti við þurfa iðkendur að treysta á aga, þekkingu og færni við tryggingar sem gott er að þjálfast inni í klifursólum. Sameignlegt áhugamál þeirra sem stunda klifur eru útivist og ferðalög og er klifursamfélagið góður stökkpallur inn í heim útivistar og ferðalaga. Klifuríþróttin er rómuð fjölskylduþrótt af þeim sem reynt hafa, og geta ungir, gamlir, stelpur og strákar, konur og karlar stundað íþróttina hlið við hlið. Á eftirfarandi [heimasíðu](http://www.klifur.is/useful) (<http://www.klifur.is/useful>) eru frekari upplýsingar um klifur sem íþrótt, mismunandi aðstöðu og búnað.

Áhugahópur hefur verið að velta fyrr sér hugmyndum um hvernig mætti koma upp klifurvegg sem nýttist til æfinga fyrir breiðan hóp iðkenda í Ísafjarðarbæ. Mikilvægt er að aðstaðan geti staðið til boða allan ársins hring. Einnig þarf að vera aðstaða fyrir styrktaræfingar, teygjur og fleira til uppbyggingar á styrk og liðleika. Aðstaðan gæti þjónað öllum getustigum og þannig aukið áhuga og kynningu á þessari íþrótt sem hentar mörgum vel sem annars stunda ekki eða finna sig í hópi- eða boltaíþróttum. Aðstaðan getur einnig hentað vel fyrir heimsóknir hópa (hópefli fyrirtækja, afmæli og margt fleira) sem gætu haft mikið gaman af því skemmtilega andrúmslofti sem skapast kringum klifur. Klifur er hluti af þjálfun fyrir meðlimi björgunarsveita, leiðsögumenn og aðra sem þurfa að tileinka sér og æfa björgunaraðgerðir og/eða klifuraðgerðir með klifurlínu við öruggar aðstæður. Einnig gæti þessi aðstaða nýst sem félagsmiðstöð fyrir fólk sem hefur áhuga á útivist. Hópurinn hefur á að skipa öflugum og áhugasömum fólki sem hefur mikla reynslu af klifuríþróttinni og mundi ráða vel við útfærslu og framkvæmd verkefnisins. Til þess að svo megi verða þarf að koma til fjármagn til efniskaupa og húsnæði og leitað er til bæjaryfirvalda um aðstoð við að koma þessari hugmynd á legg.

Húsnæði til þessa þarf að vera upphitað með 5-7 m lofthæð, með aðgangi að salernis og búningsaðstöðu (baðaðstaða er strangt til tekið ekki nauðsynleg). Húsnæðið má vera gróft og þarf að gefa kost á tryggum festingum fyrir yfirhallandi vegg og spurt er um hvort eitthvað slíkt sé til í eigu Ísafjarðarkaupstaðar og mætti leggja til verkefnisins. Ennfremur vildum við kanna hvort nýta mætti hluta rýmis í íþróttahúsum bæjarins til þessa, eða annað laust húsnæði sem ekki er í reglulegri notkun eins og t.d. Norðurtangahúsunum.

Hópurinn þyrfti að leita til bæjarins eða annarra kostunaraðila um styrk vegna stofnkostnaðar. Rekstarkostnaði mætti svo halda í lágmarki og mætti haga rekstri og gjaldtöku fyrir afnot þannig að aðstaðan stæði undir sér um rekstur og viðhald annað en húsaleigu. Stofnað yrði klifurfélag sem almenningur gæti gengið í og haft aðgang og nýtt sér aðstöðuna. Hæfilegt markmið væri að ganga frá húsnæði og fjármögnun á þessu ári og mætti opna aðstöðu í janúar 2016.

Við óskum eftir viðræðum við hlutaðeigandi bæjaryfirvöld um útfærslu þessa. Frekari áætlanagerð yrði þegar kostir og möguleikar hafa verið kannaðir og lítum við á þetta sem mikilvæga viðbót við íþrótt- og félagsmenningu í Ísafjarðarbæ sem ungir sem aldnir geti haft heilsubót og ánægju af.

Virðingarfyllst,

Örvar Dóri R.

Lækjartún 16
600 Akureyri
ICELAND
Tel: [+\(354\) 862 9127](tel:+3548629127)
Instagram: OrvarGuide
Skype: orvardorir
orvarguide@gmail.com

--

Arna Lára Jónsdóttir